

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 21/2010

frá 12. mars 2010

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2010 frá 1. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1290/2008 frá 18. desember 2008 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus rhamnosus* (CNCM-I-3698) og *Lactobacillus farciminis* (CNCM-I-3699) (Sorbiflore) sem fóðurukefni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1292/2008 frá 18. desember 2008 um leyfi fyrir *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 (Ecobiol og Ecobiol plus) sem fóðurukefni ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1293/2008 frá 18. desember 2008 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 (Levucell SC20 og Levucell SC10 ME) sem fóðurukefni ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 102/2009 frá 3. febrúar 2009 um varanlegt leyfi fyrir aukefni í fóður ⁽⁵⁾.
- 6) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zzzzc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1253/2008) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„1zzzzzd. **32008 R 1290**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1290/2008 frá 18. desember 2008 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus rhamnosus* (CNCM-I-3698) og *Lactobacillus farciminis* (CNCM-I-3699) (Sorbiflore) sem fóðurukefni (Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 20).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 4, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 20.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 36.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 38.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 34, 4.2.2009, bls. 8.

- 1zzzzze. **32008 R 1292**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1292/2008 frá 18. desember 2008 um leyfi fyrir *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 (Ecobiol og Ecobiol plus) sem fôðuraukefni (Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 36).
- 1zzzzzf. **32008 R 1293**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1293/2008 frá 18. desember 2008 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 (Levucell SC20 og Levucell SC10 ME) sem fôðuraukefni (Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 38).
- 1zzzzzg. **32009 R 0102**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 102/2009 frá 3. febrúar 2009 um varanlegt leyfi fyrir aukefni í fôður (Stjtíð. ESB L 34, 4.2.2009, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1290/2008, 1292/2008, 1293/2008 og 102/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. mars 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. mars 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.